



Stjórn SSH 393. fundur

Mánudaginn 7. október 2013 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir og Guðný Ívarsdóttir. Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málafni skíðasvæðanna – nýr samstarfssamningur.

Fyrir fundinum lá endurbætt tillaga að nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna, sbr. ábendingar og umræður á síðasta stjórnarfund. Jafnframt lá fyrir sundurliðuð framkvæmdatillaga stjórnar skíðasvæðanna fyrir árið 2014 – 2016.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að samstarfssamningi skíðasvæðanna til næstu 3 ára, með þeirri breytingu að ekki verði kveðið endanlega á um framlög til framkvæmda fyrir árin 2015 og 2016, heldur vísað til gerðar fjárhagsáætlana fyrir þau ár varðandi framlög til framkvæmda.

2. Málafni SORPU bs. – mótun eigendasmulags v. starfsemi í Álfsnesi og aðgerða vegna framtíðarlausna við meðhöndlun og förgun úrgangs.

Fyrir lágu drög að eigendasmulagi aðildarsveitarfélaga SORPU bs. v. ofangreinds, sem unnin hafa verið í kjölfar samþykktar á eigendafundi SORPU bs. 2. september sl.

Umræður.

Niðurstaða.

Samþykkt að óska eftir umfjöllun stjórnar SORPU bs. um fyrirbyggjandi drög áður en lengra verður haldið við mótun smulagsins.

3. **Erindi Strætó bs. v. fjárhagsáætlunar 2014**

Fyrir fundinum lágu eftirtalin gögn:

- a) Endanleg fjárhagsáætlun stjórnar Strætó bs. eftir eigendafund 2. september sl.
- b) Erindi frá Strætó bs. þar sem óskað er eftir 30 m. króna hækkun á framlögum eigenda frá fyrri áætlun vegna aukningar á helgarakstri.

Umræður

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað til næsta stjórnarfundar.

Þar sem framangreind mál tóku talsverðan tíma var öðrum liðum dagskrár þessa fundar frestað, og ákveðið að boða til aukafundar stjórnar mánudaginn 21. október 2014 á venjulegum fundartíma

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50